

**Ed.**

**307. Frumvarp til laga**

[233. mál]

um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Greiða skal verðjöfnunargjald í ríkissjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá sem endurselur ekki raforku. Verðjöfnunargjaldi skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af verðjöfnunargjaldi, en Orkubú Vestfjarða 20%.

Iðnaðarráðherra er heimilt að ákveða, að Rafveitu Siglufjarðar skuli endurgreitt verðjöfnunargjald af raforkusölu, sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar.

2. gr.

Verðjöfnunargjald skal nema 16% árið 1985.

3. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt á sama gjaldstofn og söluskattur skv. lögum nr. 10/1960 með áorðnum breytingum, en söluskattur skal ekki greiddur af verðjöfnunargjaldi.

Heimilt er gjaldskyldum seljendum raforku að hækka söluverð raforku sem gjaldinu nemur.

4. gr.

Sala á raforku skv. lögum þessum telst fara fram á þeim degi, sem útskrift reikninga á notanda vegna orkunotkunar á sér stað.

Hver sá aðili, sem selur raforku á síðasta stigi viðskipta, skv. 1. mgr. 1. gr., og er gjaldskyldur skv. lögum þessum, skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, sem hann er heimilisfastur í, verðjöfnunargjald það, sem honum ber að standa skil á.

Greiðslunni skal fylgja skýrsla um alla raforkusölu síðasta mánuð, sbr. ákvæði 1. mgr. þessarar greinar um sölu.

5. gr.

Verðjöfnunargjaldi ásamt skýrslu um skuldfærða raforkusölu skal skila fyrir hvern mánuð, og er gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar.

6. gr.

Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað verðjöfnunargjaldi á eindaga falla á dráttarvextir af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

7. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu senda ríkisbókhaldi og ríkisféhirði uppgjör og skilagrein mánaðarlega. Ríkisféhirðir skilar innheimtufé mánaðarlega til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, sbr. ákvæði 1. greinar.

Ekki skal greiða þóknun fyrir innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

8. gr.

Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til Áburðarverksmiðju ríkisins, Íslenska álfélagsins hf., Íslenska járnblendifélagsins h.f. og til húshitunar.

9. gr.

Ágreining um gjaldskyldu og gjaldstofn má bera undir ráðherra orkumála. Málshöfðun fyrir almennum dómstólum um gjaldskyldu og gjaldstofn skal byrjuð innan 6 mánaða frá álagningu gjaldsins.

10. gr.

Gjald skv. lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

11. gr.

Ráðherra orkumála er heimilt að setja reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um gjaldstofn, álagningu og innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggji við skv. öðrum lögum.

Mál út af brotunum skulu rekin að hætti opinberra mála.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985 og falla úr gildi 31. desember 1985.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Við afgreiðslu á frumvarpi til laga um verðjöfnunargjald af raforku á Alþingi 14. desember 1983 gaf iðnaðarráðherra þá yfirlýsingu að hann myndi beita sér fyrir lækkun gjaldsins í áföngum eða niðurfellingu þess, enda yrði séð fyrir fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða með öðrum hætti.

Í samræmi við þessa yfirlýsingu skipaði iðnaðarráðherra með bréfi dagsettu 27. janúar 1984 nefnd til að endurskoða verðjöfnunargjald af raforku. Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn:

Birgir Ísleifur Gunnarsson, alþingismaður, formaður.

Kjartan Jóhannsson, alþingismaður.

Stefán Guðmundsson, alþingismaður.

Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri ríkisins og

Aðalsteinn Guðjohnsen, rafmagnsstjóri og formaður Sambands íslenskra rafveitna.

Álit nefndarinnar, sem dagsett er í Reykjavík 23. nóvember 1984, er fylgiskjal með frumvarpi þessu. Eins og fram kemur í nefndarálitinu leggur nefndin til að gjaldið lækki í áföngum og falli niður 31. desember 1988 og að samhliða því verði lögfestar aðgerðir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Ekki náðist samstaða nú um

þær leiðir sem nefndin lagði til og settar eru fram í frumvarpi því til laga um verðjöfnunargjald af raforkusölu sem nefndin hefur samið og er fylgiskjal nr. 4 með nefndarálitinu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði innheimta verðjöfnunargjalds af raforkusölu árið 1985. Upphæð gjaldsins sem verið hefur 19% verði lækkuð í 16% og verði tekjum af gjaldinu skipt á sama hátt og verið hefur milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80%, og Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%. Gert er ráð fyrir að þessi tilhögun gildi aðeins eitt ár og að lögin falli sjálfkrafa úr gildi 31. desember 1985. Frumvarp þetta ber því að skoða sem fyrsta áfanga þess að verðjöfnunargjald af raforkusölu verði fellt niður.

Frumvarpið felur í sér það nýmæli, auk lækkunar úr 19% í 16%, að verðjöfnunargjaldið skal nú greiða beint til Rafmagnsveitna ríkisins (80%) og Orkubús Vestfjarða (20%) í stað þess að gjaldið fór áður í gegnum Orkusjóð. Þá eru felld úr lögum um verðjöfnunargjald af raforkusölu ýmis ákvæði er varða málefni Rafmagnsveitna ríkisins og ekki þykja lengur eiga við.

Skv. framlögðu fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að tekjur af verðjöfnunargjaldi verði 420 millj. króna á árinu 1985. Lækkun verðjöfnunargjaldsins á árinu 1985 úr 19% í 16% þýðir um 53,0 millj. kr. tekjumissi fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og um 13,3 millj. kr. tekjumissi fyrir Orkubú Vestfjarða, og er þá miðað við heildartekjur af gjaldinu eins og þær eru áætlaðar í fjárlagafrumvarpinu. Gert er ráð fyrir að þessum tekjumissi verði mætt með skuldbreytingu áhvilandi lána hjá fyrirtækjunum. Samkvæmt tillögum sem nú eru til athugunar næst að mæta þeim tekjumissi alfarið með slíkri skuldbreytingu.

Þar sem ekki náðist samstaða nú um frumvarp til laga um lækkun gjaldsins í áföngum og niðurfellingu þess, samhliða aðgerðum til að bæta fjárhag fyrirtækjanna sem fela í sér lausn til frambúðar, er óhjákvæmilegt með tilliti til bágrar fjárhagsstöðu Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða að framlengja gjald þetta um eitt ár, þó þannig að gjaldið lækki úr 19% í 16%.

Um forsögu verðjöfnunargjaldsins vísast að öðru leyti til fylgiskjals nr. 1 með meðfylgjandi nefndaráliti um sögu verðjöfnunargjalds af raforku.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 1. grein laga nr. 83/1974 með áorðnum breytingum, að öðru leyti en því að hundraðstala gjaldsins er ekki tilgreind í þessari grein og greiðslum er ætlað að ganga beint til fyrirtækjanna fyrir milligöngu ríkissjóðs í stað Orkusjóðs.

##### Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

##### Um 3. gr.

Greinin er óbreytt 2. gr. laga nr. 83/1974.

##### Um 4. gr.

Greinin er óbreytt 3. gr. laga nr. 83/1974.

##### Um 5. gr.

Greinin er óbreytt 4. gr. laga nr. 83/1974.

##### Um 6. gr.

Greinin er óbreytt 5. gr. laga nr. 83/1974 með áorðnum breytingum.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt 6. gr. laga nr. 83/1974 að öðru leyti en því, að ríkisféhirði ber að skila gjaldinu beint til fyrirtækjanna í stað Orkusjóðs. Breyting þessi, sbr. einnig breytingu á 1. gr., er til komin vegna þess, að Orkusjóður er talinn óþarfur milliliður við meðferð þessa fjár. Innheimtugjald Orkusjóðs hefur að jafnaði verið 0,5% af innheimtri fjárhæð verðjöfnunargjaldsins.

Um 8. gr.

Greinin er að nokkru breytt 7. gr. laga nr. 83/1974, en í henni eru taldir þeir notendur, sem undanþegnir eru verðjöfnunargjaldi. Við þá upptalningu er bætt Íslenska járnblendifélaginu hf., enda er í samningi um raforkusölu til þess fyrirtækis kveðið á um undanþágu frá verðjöfnunargjaldi.

Um 9. gr.

Greinin er óbreytt 8. gr. laga nr. 83/1974.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt 9. gr. laga nr. 83/1974.

Um 12. gr.

Greinin er óbreytt 10. gr. laga nr. 83/1974.

Um 13. gr.

Lög nr. 83/1974 með áorðnum breytingum falla sjálfkrafa úr gildi 31. des. 1984. Lagt er til að frumvarp þetta gildi aðeins árið 1985 og falli sjálfkrafa úr gildi 31. desember 1985, enda er að því stefnt að frumvarp til laga er kveðið á um framtíðarskipan þessara mála verði afgreitt sem lög frá Alþingi á árinu 1985 og taki gildi frá 1. janúar 1986 að telja.

**Fylgiskjal.**

Nefndarálit (nefndar til endurskoðunar verðjöfnunargjalds af raforku) dags. 23.11. 1984, ásamt eftirtöldum fylgiskjölum:

1. Saga verðjöfnunargjalds af raforku.
2. Rekstraráætlanir Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.
  - 2a. Rafmagnsveitur ríkisins: rekstraráætlun 1984—93.
  - 2b. Orkubú Vestfjarða: rekstraráætlun 1984—93.
  - 2c. Greinargerð fyrir kostnaðarþátttöku ríkissjóðs vegna rafhitunar hjá Rafmagnsveitum ríkisins.
  - 2d. Félagslegur þáttur framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins.
3. Samanburður á raforkuverði (Tölur Sambands íslenskra rafveitna).
  - 3a. Áætlað meðalverð árið 1984: helstu taxtar.
  - 3b. Áætlað meðalverð árið 1984: raforkusala önnur en til húshitunar.
  - 3c. Áætlað meðalverð nóvember 1984: raforkusala önnur en til húshitunar (15 veitur og aðrar veitur).
- 3d. Sama og 3c, en lækkun verðjöfnunargjalds úr 19% í 10% sýnd.
4. Frumvarp til laga um verðjöfnunargjald af raforku.

## Fylgiskjal.

**Nefnd til endurskoðunar verðjöfnunargjalds af raforku.**

### **Nefndarálit**

#### **Skipun**

Með bréfi, dags. 27.01. 1984, skipaði iðnaðarráðherra nefnd til endurskoðunar verðjöfnunargjalds af raforku. Í skipunarbréfi segir m. a.: „Skal nefndin taka til athugunar gildandi lög þar um með það fyrir augum að lækka gjaldið eða afnema með öllu, enda verði með öðrum hætti séð fyrir fjárhag þeirra orkufyrirtækja, sem notið hafa gjaldsins“.

#### **Störf**

Nefndin hefur haldið 16 bókaða fundi, en auk þess hefur mikil vinna verið innt af hendi milli funda.

Rekstrarátlanir þeirra tveggja fyrirtækja er í hlut eiga, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, reyndust nægilega líkar til þess, að í upphafi var látið nægja að beina athyglinni að Rafmagnsveitum ríkisins. Þær önnuðust því gagnasófnun að verulegu leyti, einkum með því að gera rekstrarátlanir fyrir árin 1984—93 miðað við ýmsar forsendur. Auk þess gerði Orkubú Vestfjarða bæði í upphafi nefndarstarfsins, og undir lok þess, hliðstæðar átlanir (fylgiskjöl 2). Þá gerði Samband íslenskra rafveitna margs konar samanburð á raforkuverði fyrir nefndina (fylgiskjöl 3).

#### **Niðurstaða**

Niðurstaða nefndarinnar er sú, að verðjöfnunargjaldið skuli afnumið. Nefndin telur þó ekki unnt að gera það að fullu um næstu áramót, en tillaga hennar er sú að gjaldið verði afnumið í áföngum. Er því lagt til, að gjaldið, sem nú er 19%, verði 10% árin 1985 og 1986, 5% árin 1987 og 1988 en falli síðan niður.

Auk þessarar megintillögu er lagt til, að sala raforku til allrar rafhitunar (ekki einungis húshitunar, eins og nú er) verði undanþegin verðjöfnunargjaldi að fullu frá og með 1. janúar 1985. Sama tillaga er gerð um sölu raforku til dælingar hitaveitna á heitu vatni, til skipa í höfnum og til varmadælna. Ætla má að greitt verðjöfnunargjald af þessari sölu sé nú um 20 millj. kr.

Þótt vitað sé, að prósentuálagning verðjöfnunargjalds sé að því leyti óskynsamleg, að hún leggst þyngst á það verð, sem hæst er, þykir ekki ástæða til að breyta álagningaráðferðinni nú (t. d. í kr/kWh) þar eð verðjöfnunargjaldið fellur niður að tiltölulega skömmum tíma liðnum, ef farið verður að tillögum nefndarinnar, enda fylgja slíkri breytingu ýmis tæknileg vandkvæði.

Til að mæta þeim tekjumissi Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, sem í niðurfellingu verðjöfnunargjaldsins felst, eru eftirtaldar tillögur gerðar:

1. Þar eð tekjur af raforkusölu til hitunar standa ekki undir kostnaði, verði veitunum bættur mismunurinn með kostnaðarþátttöku ríkissjóðs (sjá fylgiskjal 2c).
2. Ríkissjóður aðstoði fyrirtækin að öðru leyti með tvennum hætti:
  - a) Félagslegur þáttur framkvæmda, sbr. skilgreiningu í fylgiskjali 2d, verði árlega að fullu greiddur úr ríkissjóði.

- b) Ríkissjóður yfirtaki 1. janúar 1985 20,0% áhvílandi lána Rafmagnsveitna ríkisins og 7,5%\* áhvílandi lána Orkubús Vestfjarða. Þeim hluta lána, sem eftir standa hjá fyrirtækjunum, verði breytt í jafngreiðslulán til 10 ára með raunvöxtum eigi hærrí en 8% árin 1985—87 og 6% árin 1988—93.

Enn fremur er gert ráð fyrir nokkurri taxtahækkun hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða til samræmis við verðlag á raforku hjá öðrum rafveitum eins og nánar er gerð grein fyrir hér á eftir.

Sérstaklega ber þó að geta þess, að þótt tillögur séu gerðar um nokkra taxtabreytingu hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða, verður ekki um hækkun orkuverðs til notenda að ræða á árinu 1985, raunar um nokkra lækkun hjá Orkubúi Vestfjarða, þegar tekið er tillit til lækkunar verðjöfnunargjalds í 10% (skv. fylgiskjali 3d).

Með þessum aðgerðum, sem nefndin telur framkvæmanlegar, er þó ekki gengið lengra en svo á þessu stigi, að meðalverð Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, á annarri raforku en til húshitunar, verður því sem næst vegið meðaltal 15 rafveitna sveitarfélaga (sjá fylgiskjal 3d).

### Skýringar

Skýringar á því, að hlutverk Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, og afkoma þessara fyrirtækja, gerir kröfu til sérstakra aðgerða að hálfu ríkisins eru raktar hér á eftir. Ítarlegir útreikningar hafa verið gerðir til að leiða líkum að því, að afkoma fyrirtækjanna verði viðunandi, ef farið verður að tillögum nefndarinnar.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga, að verðjöfnunargjaldið hefur farið til þess að mæta þeim vandkvæðum, sem eru á rekstrarafkomu þessara fyrirtækja.

1. Stefna ríkisvaldsins í húshitunarmálum hefur leitt til þess, að verulegt tap er á orkusölu til húshitunar hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða.
2. Meðalverði á annarri raforkusölu en til húshitunar hefur verið haldið tiltölulega lágu hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Hefur m. a. sætt gagnrýni, að orkuverð þessara veitna til notenda er lægra en hjá flestum sveitarfélagarafveitum. Þennan mun verður að jafna. Í afkomuáætlunum nefndarinnar er þó gengið tiltölulega skammt í þeim efnum.
3. Tekjur af framkvæmdum við stofnlínur og aðveitustöðvar, sem Alþingi hefur samþykkt, hafa ekki staðið undir kostnaði. Því er talin ástæða til að ríkissjóður standi straum af óarðbærum hluta þessara framkvæmda.
4. Stefna ríkisvaldsins hefur verið sú, að Rafmagnsveitur ríkisins hafa á undanförunum árum ekki fengið að leita hagkvæmustu lána til framkvæmda og eigin fjármögnun hefur verið lítil sem engin.

Varðandi forsendur áætlana, sem gerðar hafa verið, er rétt að taka sérstaklega fram:

- a) Nefndin leggur til grundvallar áætlanir fyrirtækjanna (fylgiskjal 2a og 2b) um rekstur og framkvæmdir á tímabilinu 1984—1993. Nefndin hefur ekki lagt sérstakt mat á áætlanir þessar, en allar forsendur eru þar tilgreindar.
- b) Ef hlutfallsleg lækkun verður á gjaldskrá Landsvirkjunar eftir 1985, mundi það koma veitunum og/eða notendum þeirra til góða.

Miðað við framangreindar forsendur og tillögur er útlit fyrir, að rekstrar- og greiðsluafkoma fyrirtækjanna verði viðunandi á næstu 10 árum. Jafnframt er haft til viðmiðunar, að fé úr rekstri til framkvæmda verði því sem næst 30%.

---

\* Eftir að nefndin gekk frá áliti sínu kom í ljós, að talan 7,5% reyndist röng. Réttta talan er 12,5%.

Tillögur nefndarinnar koma fram í meðfylgjandi frumvarpi til laga um verðjöfnunargjald af raforkusölu (fylgiskjal 4).

#### **Varðandi raforkusölu til húshitunar**

Hér liggur til grundvallar sú forsenda, að það sé ákvörðun stjórnvalda að halda húshitunarverði til notenda í lágmarki. Útreikningar Rafmagnsveitna ríkisins sýna, að um 68,5 millj. kr. skorti til þess að sala til húshitunar standi undir kostnaði. Hliðstæð tala fyrir Orkubú Vestfjarða er 18,1 millj. kr. Báðar tölur eru miðaðar við árið 1985.

Orkuverði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, einkum til hitunar, hefur verið haldið of lágu um langan tíma. Þetta er tilfinnanleg tekjuskerðing, þar eð sala samkvæmt hitunartöxtum (hitunarpáttur marktaxta meðtalinn) er um 60% hjá Rafmagnsveitum ríkisins og rösklega 40% hjá Orkubúi Vestfjarða. Hér er því gerð tillaga um beint framlag ríkissjóðs, er brúi þetta bil, en gangi beint til veitnanna sjálfra.

#### **Varðandi aðra raforkusölu**

Þótt hitunarpátturinn sé tekinn út úr myndinni (fylgiskjal 3b), sést að verð á raforku annarri en til hitunar hjá Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins er lægra en hjá ýmsum öðrum veitum.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt sé að bera saman verð fyrirtækjanna tveggja annars vegar og verð 15 rafveitna sveitarfélaga hins vegar, þannig að rafveitur höfuðborgarsvæðisins, svo og Rafveita Akureyrar, Rafveita Akraness og Rafveita Siglufjarðar, séu undanskildar.

Þessi samanburður er sýndur í fylgiskjali 3c. Með hliðsjón af þeim samanburði telur nefndin eðlilegt, að öflun eigin tekna af orkusölu hinna tveggja fyrirtækja verði á þessu stigi að minnsta kosti aukin sem svarar hækkun meðalverðs (án sölu til rafhitunar) í því sem næst vegið meðaltal orkuverðs hinna 15 veitna. Hjá Rafmagnsveitum ríkisins jafngildir þetta tekjuaukningu um 35,4 millj. kr. og hjá Orkubúi Vestfjarða um 2,8 millj. kr.

Þess er rétt að geta, að vegna lækkunar á verðjöfnunargjaldi, skv. tillögum nefndarinnar, verður hér ekki um raunverulega hækkun á orkuverði til notenda að ræða. Tölur um nýtt og lægra orkuverð hinna ýmsu rafveitna eftir lækkun verðjöfnunargjaldsins eru sýndar í fylgiskjali 3d.

#### **Félagslegar framkvæmdir**

Félagslegur þáttur í framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins var fyrst tekinn inn í áætlanir fyrirtækisins árið 1978, en ítarlega er gerð grein fyrir honum í skýrslu samstarfsnefndar Rafmagnsveitna ríkisins, iðnaðarráðuneytis og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, dags. 22.4. 1981. Þar er m. a. lýst núvirðisreikningi á kostnaði við þann hluta stofnlína og aðveitustöðva, sem telst óarðbær.

Framlög vegna félagslegra framkvæmda hafa verið þessi:

| Ár   | Umbeðið         | Fengið          |
|------|-----------------|-----------------|
| 1979 | 6 000 þús. kr.  | 6 000 þús. kr.  |
| 1980 | 10 000 þús. kr. | 10 000 þús. kr. |
| 1981 | 15 000 þús. kr. | 15 250 þús. kr. |
| 1982 | 17 250 þús. kr. | 7 750 þús. kr.  |
| 1983 | 25 875 þús. kr. | 12 170 þús. kr. |
| 1984 | 51 397 þús. kr. | 0 þús. kr.      |

Orkubú Vestfjarða hefur ekki reiknað félagslegan þátt framkvæmda en gerir það frá og með árinu 1985.

Í rekstraráætlunum fyrirtækjanna fyrir árin 1984—1993 er félagslegur þáttur sýndur sérstaklega og gert ráð fyrir að hann sé greiddur af ríkinu til beggja fyrirtækjanna. Á árinu 1985 er hér um 36,4 millj. kr. fjárhæð til Rafmagnsveitna ríkisins að ræða og 5,0 millj. kr. fjárhæð til Orkubús Vestfjarða.

#### **Yfirtaka lána**

Að framangreindum skilyrðum fullnægðum skortir nokkuð á, að rekstur Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða á 10 ára tímabilinu 1984—1993 sé í jafnvægi og hæfilegt fjármagn til framkvæmda náist úr rekstri, en með þeirri yfirtöku lána, sem áður er getið, telst rekstrarafkoma viðunandi. Þetta má m. a. styðja þeim rökum að félagslegur þáttur fyrri ára hefur ekki verið greiddur af ríkinu nema að litlum hluta.

#### **Lokaorð**

Raforkuverð til notenda hér á landi er orðið tiltölulega hátt, m. a. í samanburði við verð í grannlöndum. Heildsöluverð er sömuleiðis orðið hátt. Hlutfall gjalda vegna orkukaupa og tekna af raforkusölu er hjá flestum rafveitum á bilinu 60—70%. En verulegur þáttur í hinu háa orkuverði er skattlagning, sem er hærri hér en víðast annars staðar. Afnáam verðjöfnunargjalds er því liður í þeirri viðleitni að lækka raforkuverð í landinu.

Verðjöfnunargjald af raforku hefur jafnan verið umdeilt, allt frá því að það var fyrst lagt á með lögum nr. 96/1965. Saga gjaldsins er rakin í fylgiskjali 1.

Próun raforkuverðs hefur orðið sú á síðustu árum, að mjög margar af rafveitum sveitarfélaga hafa orðið að selja raforku við herra verði en þær veitur er verðjöfnunargjaldsins njóta, þ. e. Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Ljóst er því, að gjaldið er orðið mjög óréttlátt. Því hefur nú þótt tímabært að endurskoða gildandi lög um gjald þetta.

Orkusala samkvæmt sömu gjaldskrá frá öllum afhendingarstöðum í stofnlínukerfi Landsvirkjunar felur að sjálfsögðu í sér mikla verðjöfnun raforku um landið.

Fjárhagsaðgerðir ríkisins nú til að auðvelda niðurfellingu verðjöfnunargjaldsins eru m. a. studdar eftirtöldum rökum:

Stjórnvöld hafa ekki heimilað fyrirtækjunum raunhæfa verðlagningu á orku. Þau hafa ákveðið hröðun ýmissa framkvæmda umfram áætlanir fyrirtækjanna. Þau hafa aðeins að hluta greitt sannanlega óarðbærar aðveituframkvæmdir (félagslegan þátt). Þau hafa ekki heimilað Rafmagnsveitum ríkisins að leita hagkvæmustu lána á erlendum lánamarkaði. Verðjöfnunargjaldið hefur verið mikilvægur tekjustofn fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Það stuðlaði því í upphafi að minni verðmun en ella. Á síðari árum hefur það hins vegar ekki leitt til þeirrar verðjöfnunar, sem að var stefnt. Hið nýja misræmi í raforkuverði hinna ýmsu rafveitna í landinu telur nefndin nauðsynlegt að leiðrétta svo sem kostur er.

Nefndin telur því, að ríkinu beri skylda til að greiða fyrir afnámi gjaldsins með aðgerðum þeim, sem lýst er í greinargerð þessari og meðfylgjandi frumvarpi til laga.

Reykjavík, 23. 11. 1984.

Birgir Ísl. Gunnarsson, alpm. Kjartan Jóhannsson, alpm. Stefán Guðmundsson, alpm. formaður

Kristján Jónsson  
rafmagnsveitustjóri

Aðalsteinn Guðjohnsen  
rafmagnsstjóri

Fylgiskjöl:

1. Saga verðjöfnunargjalds af raforku.
2. Rekstraráætlanir Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða 1984—1993 (fylgiskjöl 2a—2d).



3. Samanburður á raforkuverði (tölur Sambands íslenskra rafveitna, fylgiskjöl 3a—3d).
4. Frumvarp til laga um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

### Fylgiskjal 1.

#### **Saga verðjöfnunargjalds af raforku.**

Verðjöfnunargjald var fyrst lagt á raforkusölu með lögum nr. 96/1965. Gjaldið var þá lagt á heildsölu raforku. Lagasetning þessi var umdeild á sínum tíma, en áður hafði hallarekstri Rafmagnsveitna ríkisins verið mætt með beinum framlögum úr ríkissjóði. Svo var þó komið árið 1965, að lán skv. sérstakri heimild í fjárlögum, lán af eigin fé Raforkusjóðs og skuld Rafmagnsveitnanna við Ríkisábyrgðarsjóð og sívaxandi rekstrarhalli fyrirtækisins kölluðu á sérstakar aðgerðir. Í heild var rekstrarhallinn orðinn rösklega 50 millj. kr.

Gagnrýni á lagafrumvarp þetta beindist m. a. að því, að hér væri um nýja skattlagningu að ræða, þar sem ríkið væri að víkja sér undan ábyrgð, svo og því, að aðferðin við álagningu þessa skatts leiddi ekki til verðjöfnunar.

Í nefndaráli meiri hluta fjárhagsnefndar segir hins vegar, að gert sé ráð fyrir árlegri endurskoðun gjaldsins og með því sé komið í veg fyrir, að gjaldið hækki með vaxandi raforkusölu, enda við það miðað að heildarfjárhæð verði föst upphæð (þá 35,0 millj. kr.).

Frumvarpið hlaut mjög mikla umræðu á Alþingi og fjöldi breytingartillagna var fluttur. Meðal breytinga, sem gerðar voru á frumvarpinu, var að leita skuli tillagna Sambands íslenskra rafveitna við setningu reglugerðar.

Með lögum nr. 17/1970 var lögum um verðjöfnunargjald breytt. Helstu breytingar voru þær, að gjaldið var hækkað í 70 millj. kr. Það skyldi greitt í Orkusjóð og Rafmagnsveitum ríkisins var sett stjórn, þar sem einn stjórnarmaður skyldi tilnefndur af Sambandi íslenskra rafveitna.

Í upphafi jafngildi verðjöfnunargjaldið um 7,5% af sölu, en lækkaði að raungildi niður í 4,3% árið 1969 — þar til það var tvöfaldað, og nam þá 8,6% af sölu. Enn lækkaði gjaldið að raungildi, var t. d. 4,6% árið 1973 og áætlað 3,1% árið 1974.

Ástæða þess, að gjaldið var ákveðið föst upphæð, var annars vegar sú, að ekki var gert ráð fyrir umtalsverðri verðbólgu — en einnig sú von, að Rafmagnsveitur ríkisins mundu eflast „með auknu rekstrarumfangi til að standa meir á eigin fótum“, eins og segir í nefndaráli er fylgdi frumvarpi um ný lög árið 1974.

Með nýjum lögum nr. 83/1974 var verðjöfnunargjald af raforku verulega fest í sessi. Í stað álagningar á heildsöluverð, sem aðeins mætti nema fastri upphæð, var ákveðið að leggja gjaldið á smásölu í hundradshlutum af sölutekjum. 13% verðjöfnunargjald var að sjálfsögðu veruleg hækkun en auk þess var gjaldið „verðtryggt“ í tengslum við verðhækkanir á raforku.

Með lögum þessum var í raun mörkuð stefna aukinnar skattlagningar á raforku í landinu, en jafnframt ákveðið það frávik, að raforkusala til húshitunar skyldi undanþegin verðjöfnunargjaldi, svo sem þegar hafði verið ákveðið að því er söluskatt varðaði. Það er hins vegar athyglisvert, að í meðferð Alþingis var ákveðið, að lögin skyldu aðeins gilda í eitt ár. Í öllum lögum um verðjöfnunargjald af raforku höfðu, auk álagningar verðjöfnunargjalds, verið ákvæði um eftirgjöf og skuldbreytingar lána.

Frá upphafi hafa lög um verðjöfnunargjald af raforku mætt andstöðu raforkufyrirtækja í landinu og samtaka þeirra, Sambands íslenskra rafveitna (SÍR). SÍR hefur varað við skattlagningu raforku, m. a. vegna uppsöfnunaráhrifa hjá fyrirtækjum og stofnunum, samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar, óréttlátrar álagningar — þar sem skattlagning í hundradshlutum á söluverð leggst þyngst á það verð sem hæst er fyrir — og þeirrar grundvallarreglu, að öll brengun á verðskrá orkufyrirtækja sé hættuleg, þar eð hún geti

leitt til rangrar ákvarðanatöku við val á hagkvæmustu kostum, ef orkuverð er þar verulegur þáttur.

Stefna stjórnvalda til útrýmingar innfluttra orkugjafa til hitunar olli mjög miklum hraða í rafhitunarframkvæmdum víðs vegar um landið. Fjárfesting Rafmagnsveitna ríkisins af þessum sökum varð mjög mikil. Verðjöfnunargjaldið dugði því varla til að standa undir halla Rafmagnsveitnanna. En jafnframt virtist sem löggjafanum hafi verið orðið ljóst, að verðjöfnunargjald þetta væri að ýmsu leyti gallað — enda hafa lögín frá 1974 aldrei verið framlengd nema til eins árs í senn.

Árið 1977, eftir stofnun Orkubús Vestfjarða, var lögnum breytt þannig, að 80% gjaldsins skyldu renna til Rafmagnsveitna ríkisins en 20% til Orkubús Vestfjarða.

Með lögum nr. 99/1979 var verðjöfnunargjaldið hækkað í 19%. Enn voru lögín aðeins sett til eins árs — og rík áhersla lögð á það, bæði í áliti meiri hluta og minni hluta iðnaðarnefndar, að ríkissjóður standi undir svonefndum félagslegum framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins. Svo var gert næstu þrjú ár, 1979—81, en næstu þrjú ár þar á eftir minnkaði þessi þátttaka ríkissjóðs og hvarf að fullu á árinu 1984.

Með lögum nr. 105/1980 var sett í lögín ákvæði þess efnis að ráðherra væri heimilt að lækka gjaldið úr 19% í 16%, enda þá taldar líkur á að hagur Rafmagnsveitna ríkisins færi batnandi. Ákvæði þessu var ekki beitt.

Með lögum nr. 89/1981 var bætt við ákvæði um heimild til ráðherra að fela Orkusjóði að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar innheimt verðjöfnunargjald veitunnar. Sú heimild hefur verið notuð að fullu.

Árið 1982 hóf ríkið niðurgreiðslur á raforku til húshitunar. Niðurgreiðslur þessar voru stórauðnar árin 1983 og 1984. Fé þetta er fyrst og fremst notað til að halda orkuverði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða til rafhitunar niðri. Raunar gengu greiðslur þessar einnig til þriggja rafveitna sveitarfélaga. Við niðurgreiðsluáðferðinni var þegar varað, m. a. af Orkustofnun og Sambandi íslenskra rafveitna. Ýmis rök voru færð fyrir því, að milliliðalausir styrkir, skattaívilnanir og aðstoð við orkusparandi aðgerðir voru vænlegri kostir, enda geti röskun á verðskrá orkufyrirtækja leitt til rangrar ákvarðanatöku í orku kaupum — jafnvel til beinnar orkusóunar.

Verðjöfnunargjaldið var nú farið að valda rafveitum sveitarfélaga verulegum erfiðleikum. Í kjölfar árlegra mótmæla Sambands íslenskra rafveitna fylgdi nú smanburður á raforkuverði hinna ýmsu rafveitna í landinu, sem sýndi að verð mjög margra rafveitna sveitarfélaga var orðið verulega hærra en verð þeirra veitna, sem nutu verðjöfnunargjaldsins, þ. e. Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Þetta varð verulega áberandi við hinar miklu hækkanir á raforku árin 1982 og 1983.

Með bréfi SÍR til iðnaðarráðherra, dags. 07. 12. 1983, er bent á hið mikla misræmi, sem orðið er í verðskrá rafveitna. Þar er einnig vikið að hinni stórfelldu niðurgreiðslu á raforkusölu til húshitunar, sem fyrst og fremst gengur til notenda Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða — og bætist að fullu við verðjöfnunargjaldið, en hefur engin áhrif til lækkunar þess.

Á árinu 1984 er því orðið ljóst, að verðjöfnunargjaldið er óæskilegur skattur, sem flestir eru sammála um að afnema beri. Jafnframt er ljóst, að gera þarf aðrar ráðstafanir til að tryggja, að Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubú Vestfjarða — sem og öðrum raforkufyrirtækjum í landinu — verði búin viðunandi skilyrði til rekstrar og framkvæmda.

Ein aðalforsenda þess er, svo sem SÍR hefur lagt áherslu á, að verðlagning orku verði í höndum fyrirtækjanna sjálfra og eigenda þeirra. Vilji ríkisvaldið hafa þar einhver afskipti ættu þau að takmarkast við það að setja viðmiðunarreglur um arðgjöf og afskriftir sem tryggi viðunandi eiginfjárstöðu og sjóðsstreymi raforkufyrirtækjanna.

Við þessa sögu verðjöfnunargjaldsins er rétt að bæta því, að söluskattur var fyrst lagður á árið 1960 og nam þá 3,0%. Árið 1980 var hann orðinn 22,0%. Á því ári var bætt við hann svonefndu orkujöfnunargjaldi, 1,5%, þótt það hafi í óverulegum mæli verið notað í þeim

tilgangi, sem nafnið bendir til. Söluskattur og verðjöfnunargjald af raforku nema því samtals 42,5%.

Á árinu 1973 hafði fjármálaráðherra nýtt heimild í 20. gr. laga um söluskatt nr. 10/1960 til að ákveða, að sala raforku til húshitunar skyldi undanþegin söluskatti (bréf, dags. 10. 03. 1973), svo sem áður er getið. Sala raforku til varmadælna er nú einnig undanþegin bæði verðjöfnunargjaldi og söluskatti.

Sala til stórfyrirtækja hefur alla tíð verið undanþegin söluskatti og verðjöfnunargjaldi.

## Fylgiskjal 2a.

### RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Hagdeild 19. 11. 1984

#### REKSTRARÁÆTLUN ÁRANNA 1984—1993 Á VERÐLAGI 1. OKT. 1984 Í MILLJ. KR.

|                                   | 1984    | 1985    | 1986    | 1987    | 1988    | 1989    | 1990    | 1991    | 1992    | 1993    |
|-----------------------------------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|
| <b>TEKJUR:</b>                    |         |         |         |         |         |         |         |         |         |         |
| Smásala á orku .....              | 833.9   | 986.1   | 1,035.4 | 1,083.0 | 1,127.4 | 1,170.3 | 1,212.4 | 1,253.6 | 1,296.3 | 1,340.3 |
| Heildsala orku .....              | 436.1   | 466.3   | 489.6   | 512.1   | 533.1   | 553.4   | 573.3   | 592.8   | 613.0   | 633.8   |
| Verðjöfnunargjald .....           | 283.5   | 178.4   | 187.8   | 98.4    | 102.6   | 0       | 0       | 0       | 0       | 0       |
| Aðrar tekjur .....                | 20.8    | 20.8    | 20.8    | 20.8    | 20.8    | 20.8    | 20.8    | 20.8    | 20.8    | 20.8    |
| Tekjur alls .....                 | 1,574.3 | 1,651.6 | 1,733.6 | 1,714.3 | 1,783.9 | 1,744.5 | 1,806.5 | 1,867.2 | 1,930.1 | 1,994.9 |
| <b>GJÖLD:</b>                     |         |         |         |         |         |         |         |         |         |         |
| Laun .....                        | 103.3   | 107.2   | 107.2   | 107.2   | 107.2   | 107.2   | 107.2   | 107.2   | 107.2   | 107.2   |
| Önnur rekstrargjöld .....         | 154.4   | 158.3   | 158.3   | 158.3   | 158.3   | 158.3   | 158.3   | 158.3   | 158.3   | 158.3   |
| Hráefni og vörur                  |         |         |         |         |         |         |         |         |         |         |
| til endursölu .....               | 904.2   | 974.9   | 1,028.4 | 1,082.5 | 1,132.8 | 1,181.4 | 1,229.2 | 1,275.9 | 1,324.3 | 1,374.3 |
| Gjöld alls .....                  | 1,161.9 | 1,240.4 | 1,293.9 | 1,348.0 | 1,398.3 | 1,446.9 | 1,494.7 | 1,541.4 | 1,589.8 | 1,639.8 |
| Tekjur af reglulegri starfsemi .. | 412.4   | 411.2   | 439.7   | 366.3   | 385.6   | 297.6   | 311.8   | 325.8   | 340.3   | 355.1   |
| Vextir .....                      | 214.5   | 154.0   | 144.4   | 134.0   | 92.0    | 81.1    | 69.4    | 57.1    | 44.1    | 30.2    |
| Af nýjum lánum .....              | 0       | 0       | 0.1     | 1.7     | 7.9     | 13.3    | 21.0    | 28.8    | 34.9    | 46.3    |
| Vextir alls .....                 | 214.5   | 154.0   | 144.5   | 135.7   | 99.9    | 94.4    | 90.4    | 85.9    | 79.0    | 76.5    |
| Tekjur fyrir afskriftir .....     | 197.9   | 257.2   | 295.2   | 230.6   | 285.7   | 203.2   | 221.4   | 239.9   | 261.3   | 278.6   |
| Afskriftir .....                  | 205.5   | 187.7   | 187.7   | 187.7   | 187.7   | 187.7   | 187.7   | 187.7   | 187.7   | 187.7   |
| Af nýjum framkvæmdum ..           | 0       | 13.7    | 21.0    | 29.8    | 36.2    | 41.2    | 45.7    | 50.3    | 54.3    | 61.3    |
| Afskriftir alls .....             | 205.5   | 201.4   | 208.7   | 217.5   | 223.9   | 228.9   | 233.4   | 238.0   | 242.0   | 249.0   |
| Hagnaður/tap ársins .....         | -7.6    | 55.8    | 86.5    | 13.1    | 61.8    | -25.7   | -12.0   | 1.9     | 19.3    | 29.6    |
| Hagnaður/tap tímabilsins ...      | -7.6    | 48.2    | 134.7   | 147.8   | 209.6   | 183.9   | 171.9   | 173.8   | 193.1   | 222.7   |
| Afborganir .....                  | 117.6   | 120.7   | 130.4   | 140.8   | 182.7   | 193.7   | 205.3   | 217.6   | 230.7   | 244.5   |
| Af nýjum lánum .....              | 0       | 0       | 0       | 0       | 0       | 0       | 0.2     | 4.3     | 26.3    | 44.5    |
| Afborganir alls .....             | 117.6   | 120.7   | 130.4   | 140.8   | 182.7   | 193.7   | 205.5   | 221.9   | 257.0   | 289.0   |
| Til fjárfestingar .....           | 80.3    | 136.5   | 164.8   | 88.8    | 103.0   | 9.5     | 15.9    | 18.0    | 4.3     | -10.4   |
| Fjárfesting .....                 |         | 174.0   | 247.0   | 275.0   | 267.0   | 177.0   | 193.0   | 156.0   | 306.0   | 214.0   |
| Félagslegur þáttur .....          |         | 36.4    | 62.0    | 75.0    | 73.0    | 40.0    | 46.0    | 32.0    | 87.0    | 53.0    |
| Úr rekstri .....                  |         | 136.5   | 164.8   | 88.8    | 103.0   | 9.5     | 15.9    | 18.0    | 4.3     | -10.4   |
| Lántökuþörf .....                 |         | 1.1     | 20.2    | 110.2   | 91.0    | 127.5   | 131.1   | 106.0   | 214.7   | 171.4   |

1) Heildartekjur tímabilsins 1984—1993

2) Heildarhagnaður árunna 1984—1993 sem hlutfall af heildartekjum

3) Hluti fjárfestingar fjármagnaður af rekstrarafgangi að jafnaði yfir tímabilið 1985—1993

4) Heildarfjárfesting 1985—1993

5) Heildarfjárhæð árunna 1985—1993 til fjárfestingar úr rekstri

## FJÁRMÁLASVIÐ

Hagdeild

22.11.1984.

### FORSENDUR:

Verðlag:

Á verðlagi 01.10 1984.

1984:

Endurskoðuð rekstraráætlun fyrir 1984 er lögð til grundvallar. Í áætluninni er gert ráð fyrir 2% aukningu orkusölu bæði í smásölu og heildsölu með tilliti til reynslu fyrstu 9 mánaða ársins.

1985:

Sama áætlun er notuð og við fjárlagagerð. Gert er ráð fyrir 7% magnaukningu bæði í smásölu og heildsölu vegna reynslunnar af að á eftir ári með litla magnaukningu kemur ár með mikla magnaukningu.

Orkukaup og orkusala:

Gert er ráð fyrir 1% minni aukningu á ári en í raforkuspá 1981—2000 útg. af orkuspárnefnd í apríl 1981, nema árin 1984—85, sjá ofar.

Tekjur í smásölu:

Reiknað er með meðalverði 174 aur/kWh 1984. Gert er ráð fyrir 68,5 Mkr tekjuauka í hitasölu og 7% hækkun annarra taxta.

Tekjur af heildsölu:

Reiknað er með óbreyttu meðalverði bæði á raforku og heitu vatni til fjarvarmaveitna og sömu aukningu hjá endursöluáðilum og hjá RARIK.

Verðjöfnunargjald:

Metið sem 36% af smásölutekjum. Gert er ráð fyrir 10-10-5-5 hjöðnun gjaldsins á árunum 1985—1988. Einnig er gert ráð fyrir niðurfellingu gjaldsins á sölu til skipa í höfnum og dælingar á heitu vatni hjá hitaveitum.

Aðrar rekstrar-tekjur:

Par af þjónustusamningur við Landsvirkjun 12 800 þús. kr.

Laun:

Ekki er gert ráð fyrir, að launakostnaður aukist við magnaukningu í orkusölu.

Önnur rekstrar-gjöld:

Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður aukist við magnaukningu sölu.

Hráefni og vörur til endursölu:

Eigin framleiðsla áætluð 100 GWh, orkukaup frá Rafveitu Siglu-fjarðar áætluð 4 GWh og orkuvinnsla í dísilstöðvum áætluð 2GWh, allt á ári. Gert er ráð fyrir, að allrar nýrrar orku verði aflað með orkukaupum af Landsvirkjun. Gert er ráð fyrir óbreyttu meðalverði frá Landsvirkjun.

Vextir og afborganir:

Gert er ráð fyrir jafngreiðsluláni kr. 1 925 600, með 8% vöxtum 1985—1987 en 6% vöxtum eftir það. Á verðlagi 01.10. 1984 jafngildir það 20% yfirtöku lána eins og þau áætlast í árslok 1984.

Afskriftir:

Tekið er tillit til breytinga á afskriftagrunni á tímabilinu.

Framkvæmdir:

Framkvæmdir eru áætlaðar af tæknilegri áætlanadeild RARIK, með tilliti til fyrirbyggjandi gagna og spár um þróun orkusölu.

**Fylgiskjal 2b.**

**ORKUBÚ VESTFJARÐA**

20. 11. 1984

**REKSTRARÁÆTLUN ÁRANNA 1984—1993 Á VERÐLAGI  
1. OKT. 1984 Í MILLJ. KR.**

|                                    | Ár | 1984  | 1985  | 1986  | 1987  | 1988  | 1989  | 1990  | 1991  | 1992  | 1993  |
|------------------------------------|----|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|
| <b>TEKJUR:</b>                     |    |       |       |       |       |       |       |       |       |       |       |
| Orkusala .....                     |    | 233.7 | 259.3 | 264.5 | 269.8 | 275.2 | 280.7 | 286.3 | 292.0 | 297.9 | 303.8 |
| Verðjöfnunargjald .....            |    | 72.0  | 37.4  | 38.9  | 20.2  | 21.0  | 0.0   | 0.0   | 0.0   | 0.0   | 0.0   |
| Aðrar tekjur .....                 |    | 1.0   | 1.0   | 1.0   | 1.0   | 1.0   | 1.0   | 1.0   | 1.0   | 1.0   | 1.0   |
| Tekjur alls .....                  |    | 306.7 | 297.7 | 304.4 | 291.0 | 297.2 | 281.7 | 287.3 | 293.0 | 298.9 | 304.8 |
| <b>GJÖLD:</b>                      |    |       |       |       |       |       |       |       |       |       |       |
| Laun .....                         |    | 30.0  | 30.0  | 30.0  | 30.0  | 30.0  | 30.0  | 30.0  | 30.0  | 30.0  | 30.0  |
| Olía .....                         |    | 13.0  | 9.0   | 9.0   | 9.0   | 9.0   | 9.0   | 9.0   | 9.0   | 9.0   | 9.0   |
| Orku kaup .....                    |    | 89.0  | 94.7  | 96.4  | 98.1  | 99.8  | 101.5 | 103.2 | 104.9 | 106.6 | 108.3 |
| Önnur rekstrargjöld .....          |    | 46.0  | 46.0  | 46.0  | 46.0  | 46.0  | 46.0  | 46.0  | 46.0  | 46.0  | 46.0  |
| Gjöld alls .....                   |    | 178.0 | 179.7 | 181.4 | 183.1 | 184.8 | 186.5 | 188.2 | 189.9 | 191.6 | 193.3 |
| Tekjur af reglulegri starfsemi     |    | 128.7 | 118.0 | 123.0 | 107.9 | 112.4 | 95.2  | 99.1  | 103.1 | 107.3 | 111.5 |
| <b>VEXTIR: 8% 85-87, síðan 6%.</b> |    |       |       |       |       |       |       |       |       |       |       |
| Af eldri lánum .....               |    | 75.0  | 45.1  | 42.3  | 39.3  | 27.0  | 23.8  | 20.3  | 16.7  | 12.9  | 8.9   |
| Af nýjum lánum .....               |    | 0.0   | 2.5   | 4.1   | 3.8   | 3.6   | 4.0   | 5.6   | 6.9   | 8.1   | 9.1   |
| Vextir alls .....                  |    | 75.0  | 47.6  | 46.4  | 43.1  | 30.6  | 27.8  | 25.9  | 23.6  | 21.0  | 18.0  |
| <b>AFSKRIFTIR:</b>                 |    |       |       |       |       |       |       |       |       |       |       |
| Af eldri eignum .....              |    | 50.0  | 50.0  | 50.0  | 50.0  | 50.0  | 50.0  | 50.0  | 50.0  | 50.0  | 50.0  |
| Af nýjum eignum .....              |    | 0.0   | 2.5   | 4.9   | 6.5   | 8.1   | 9.7   | 11.3  | 12.9  | 14.5  | 16.1  |
| Afskriftir alls .....              |    | 50.0  | 52.5  | 54.9  | 56.5  | 58.1  | 59.7  | 61.3  | 62.9  | 64.5  | 66.1  |
| HAGNAÐUR/TAP ÁRSINS                |    | 3.7   | 18.0  | 21.7  | 8.3   | 23.7  | 7.6   | 12.0  | 16.6  | 21.8  | 27.4  |
| HAGNAÐUR/TAP TÍMA-                 |    |       |       |       |       |       |       |       |       |       |       |
| BILSINS .....                      |    | 3.7   | 21.7  | 43.4  | 51.7  | 75.4  | 83.1  | 95.0  | 111.6 | 133.4 | 160.9 |
| <b>AFBORGANIR:</b>                 |    |       |       |       |       |       |       |       |       |       |       |
| Af eldri lánum .....               |    | 22.6  | 35.4  | 38.2  | 41.3  | 53.5  | 56.8  | 60.2  | 63.4  | 67.8  | 71.7  |
| Af nýjum lánum .....               |    | 0.0   | 3.1   | 5.4   | 5.7   | 7.4   | 8.9   | 12.3  | 15.8  | 19.3  | 23.0  |
| Afborganir alls .....              |    | 22.6  | 38.5  | 43.6  | 47.0  | 60.9  | 65.7  | 72.5  | 79.2  | 87.1  | 94.7  |
| TIL FJÁRFESTINGAR                  |    | 31.1  | 31.9  | 33.0  | 17.8  | 20.9  | 1.6   | 0.7   | 0.3   | -0.8  | -1.2  |
| <b>FJÁRFESTING:</b>                |    |       |       |       |       |       |       |       |       |       |       |
| Kostnaður .....                    |    | 62.0  | 60.0  | 40.0  | 40.0  | 40.0  | 40.0  | 40.0  | 40.0  | 40.0  | 40.0  |
| Félagslegur þáttur .....           |    | 0.0   | 5.0   | 4.4   | 4.4   | 4.4   | 4.4   | 4.4   | 4.4   | 4.4   | 4.4   |
| Úr rekstri .....                   |    | 31.1  | 31.9  | 33.0  | 17.8  | 20.9  | 1.6   | 0.7   | 0.3   | -0.8  | -1.2  |
| Lántökuþörf .....                  |    | 30.9  | 23.1  | 2.6   | 17.8  | 14.7  | 34.0  | 34.9  | 35.3  | 36.4  | 36.8  |

**Helstu forsendur rekstraráætlunar Orkubús Vestfjarða  
1985—1993 á verðlagi 1. október 1984.**

**A. Tekjur**

- A.1. **Orkusala:** Gert er ráð fyrir 2% magnaukningu í sölu milli ára, auk þess er gert ráð fyrir að sölutekjur af annarri orkusölu en hitaorku hækki um 2,8 Mkr frá árinu 1985. Enn fremur er gert ráð fyrir að orkusala til hitunar hækki um 18,1 Mkr frá árinu 1985. Þá tölu má rökstyðja á tvennan hátt:
1. Á árinu 1983 var orkusala til rafhitunar um 42% af heildarorkusölu. Miðað við núverandi gjaldskrár Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar selur Orkubú Vestfjarða raforku til húshitunar með um eins eyris lægra verði en það kaupir hana á frá Landsvirkjun. Ef hitataxtar hefðu verið látnir bera 42% af kostnaði við stjórnun og skrifstofuhald, — 20% af kostnaði dísilvélar og 10% af fjármagnskostnaði, — þá hefði það þýtt um 37% hækkun á rafhitunartaxtanum. Það er hækkun um 0,50 kr/kWh miðað við núverandi taxa.
  2. Með því að áætla þann kostnað orkuveitunnar sem beinlínis tengist hitasölu. Til dæmis á þann hátt sem RARIK hefur gert. Orkubúið getur að svo stöddu fellt sig við niðurstöðu Rafmagnsveitnanna um 0,30 kr/kWh kostnaðarauka á rafhitunartaxta v/reksturs stofnlína og innanbæjarkerfa. Með því móti er reiknað:

|                |   |
|----------------|---|
| Sala 1983      | 57.967 MWh  |
| Áætl. aukn. 4% | 2.319 MWh   |
| Alls           | $60.286 \text{ MWh} \times 0,30 \text{ kr/kWh} = 18,1 \text{ Mkr.}$ |

- A.2. **Verðjöfnunargjald:** Hjöðnun 10%-10%-5%-5%. Einnig er gert ráð fyrir niðurfellingu til dælustöðva hitaveitna.

**B. Gjöld**

- B.1. **Laun og önnur rekstrargjöld:** Haldast óbreytt út tímabilið. Ef til vill væri varkárara að þessi gjöld ykjast eitthvað árlega, t. d. 0,5—1%.
- B.2. **Vextir:** Reiknað er með 7,5% yfirtöku lána og eftirstöðvar greiðist með jafngreiðsluláni með 8% vöxtum 1985—1987 og 6% vöxtum eftir það.

**C. Fjármagnshreyfingar**

- C.1. **Fjárfestingarkostnaður:** Samkvæmt áætlun tæknideildar Orkubús Vestfjarða.
- C.2. **Félagslegur þáttur:** Er sá þáttur í rekstri Orkubús Vestfjarða sem skapast af óarðbærum fjárfestingum. RARIK hefur skoðað þessi mál náið og er hér beitt sömu aðferð, þ. e. að taka sem næst 30% af framkvæmdum við stofnlínur og aðveitustöðvar.  
Það er í þessu sambandi rétt að taka fram að á árinu 1983 var framkvæmdakostnaður við stofnlínur og aðveitustöðvar 35 Mkr á verðlagi þess árs og í ár stefnir í 32 Mkr kostnað við nefndar framkvæmdir. Þá má enn fremur benda á að á árunum fram til 1983 var gert gífurlegt átak í uppbyggingu varaafis á veitusvæði Orkubús Vestfjarða, sem á sinn þátt í skuldastöðu þess, og hlýtur eðlis síns vegna að teljast félagsleg framkvæmd.

## Fylgiskjal 2c.

### **Rafmagnsveitur ríkisins**

21.11.1984

#### **Greinargerð fyrir kostnaðarþátttöku ríkissjóðs vegna rafhitunar hjá Rafmagnsveitum ríkisins.**

Í hjálögðu súluriti eru sýndar tekjur Rafmagnsveitnanna af seldri kWh til íbúðahitunar skv. taxa C1 en þær eru 1,26 kr/kWh. Orkukaupakostnaður nemur 1,37 kr/kWh. Taxtinn leggur ekkert til að standa undir rekstrar- og fjármagnskostnaði stofnlína og dreifikerfa í þéttbýli (innanbæjarkerfa).

Rekstrar- og fjármagnskostnaður stofnlína er talinn nema 0,24 kr/kWh að jafnaði og rekstrar- og fjármagnskostnaður dreifikerfa í þéttbýli er talinn nema 0,06 kr/kWh eða alls 0,30 kr/kWh. Í dreifikerfum í dreifibýli standa Rafmagnsveiturnar undir rekstrarkostnaði enda eru þær fjárfestingar fjármagnaðar með framlögum Orkusjóðs. Rekstrarkostnaðarhlutdeild rafhitunar í markmælingartaxtanum A5 er talinn nema 0,06 kr/kWh og 0,24 kr/kWh vegna rekstrar- og fjármagnskostnaðar stofnlína eða alls 0,30 kr/kWh. Miðað er við meðalnýtingu orkukaupa af Landsvirkjun og 5% vexti af fjárfestingum.

Taxti C2 vegur hverfandi lítið af sölu og er lítið fram hjá honum hér.

Í taxa A5 er áætlað, að 70% orkumagnsins sé vegna húshitunar, en 30% vegna almennra nota og súgþurrkunar. Hluti húshitunar í taxtanum sé verðlagður samkvæmt taxa C1.


Miðað við selt orkumagn 1983 er því áætlað tap RARIK af orkusölu til húshitunar um 0,30 kr/kWh eða í heild sem hér segir:

|                               |             |
|-------------------------------|-------------|
| Taxti C1 109 GWh × 0,30       | = 32,7 Mkr. |
| Taxti A5 170 GWh × 0,7 × 0,30 | = 35,8 Mkr. |
| Alls                          | 68,5 Mkr.   |

HÚSHITUNARTAXTI C1

TEKJUR OG TILKOSTNAÐUR RARIK 30.10.1984

Aurar/kWh





## Fylgiskjal 2d.

### **Rafmagnsveitur ríkisins**

#### **Félagslegur þáttur framkvæmda.**

##### **Skilgreining**

Hluti af framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins er þess eðlis að tekjur af þeim nægja ekki til að standa undir kostnaði og því er nauðsynlegt að fjármagna þær að hluta með óafturkræfum framlögum. Enda þótt tekjur af þessum framkvæmdum standi ekki undir kostnaði eru þær engu að síður hagkvæmasta leiðin til að sjá viðkomandi notendum fyrir raforku. Það sem á vantar að þessar framkvæmdir standi undir kostnaði er nefnt félagslegur þáttur framkvæmda.

Til að sjá hvaða framkvæmdir það eru sem fjármagna þarf með óafturkræfum framlögum er rétt að kanna á hvern hátt starfsemi RARIK skiptist og hvernig hún tengist starfsemi annarra orkufyrirtækja. Þessi skipting er sýnd á meðfylgjandi skipuriti. Af því má sjá að starfsemin skiptist í þrjá höfuðþætti, þ. e. Orkuöflun, flutning um 33 og 66 kV stofnlínukerfi og smásöludreifingu í bæjum og sveitum. Kanna verður rekstrargrundvöll hvers þáttar sérstaklega.

##### **Orkuöflun**

Orku er aflað með vinnslu í eigin vatnsafls- og dísilstöðvum og með kaupum frá öðrum orkuöflunarfyirtækjum. Við mat á félagslegum þætti er orka frá eigin vatnsaflsstöðvum seld inn á stofnlínukerfið á heildsöluverði Landsvirkjunar. Á þennan hátt eru þær settar í sömu stöðu og stöðvar annarra orkuöflunarfyirtækja og þeim ætlað að standa undir sér án óafturkræfra framlaga. Orkuvinnslu með dísilvélum er nú að mestu lokið, nema í bilanatilvikum.

##### **Stofnlínur og aðveitustöðvar**

Annar þáttur í starfseminni er flutningur um 33 og 66 kV stofnlínukerfi. Þessi þáttur, sem tengir saman orkuöflun og smásöludreifingu, er mjög einkennandi fyrir RARIK.


Eins og rakið hefur verið, er verð inn á stofnlínukerfið bundið af vinnslukostnaði og er það miðað við heildsöluverð Landsvirkjunar. Út af stofnlínukerfinu er orkan svo seld til héraðsrafveitna og til eigin dreifiveitna á heildsöluverði RARIK sem er um 18% herra en heildsöluverð Landsvirkjunar. Með því að gera ráð fyrir óbreyttu hlutfalli milli heildsölu-gjaldskrár Landsvirkjunar og RARIK er stillt upp röð yfir árlegt fjármagnsstreymi vegna ákveðinna framkvæmda í stofnlínukerfinu. Það sem á vantar að tekjur af ákveðinni framkvæmd standi undir kostnaði er skilgreint sem hinn félagslegi þáttur. Þennan félagslega þátt verður að fjármagna með óafturkræfum framlögum þar sem engar tekjur eru til að standa undir honum.

##### **Smásöludreifing**

Þriðji þátturinn er smásöludreifing í þéttbýli og sveitum. Við mat á félagslegum þætti er orka inn á þessi dreifikerfi reiknuð á heildsöluverði RARIK eins og um héraðsrafveitur væri að ræða. Í þessu sambandi er rétt að benda á að það er algjört réttlætismál að dreifiveitur RARIK og þar með þeirra viðskiptavinir greiði ekki herra verð fyrir raforku frá stofnlínukerfinu en héraðsrafveitur. Með þessu móti getur smásöluverð RARIK orðið áþekkt og hjá héraðsrafveitum enda þótt smásöludreifing í þéttbýli njóti ekki óafturkræfra

RAFMA GNSVEITUR RÍKISINS

Starfsemi RARIK og tenging hennar við önnur orkufyrirtæki.



framlaga. Þó er þess að geta, að notendur RARIK liggja yfirleitt fjarri virkjunum og aðalstofnlínukerfum og leiðir það því til þess, að byggja verður upp meira varaafli þar en á stöðum þar sem notendur njóta meira afhendingaröryggis frá stofnlínukerfum. Þar sem smásöldreifingunni er ætlað að bera þennan kostnað við varaaflið er viðbúið að erfitt sé að ná fullum jöfnuði. Til greina kæmi að fjármagna varaafli með óafturkræfum framlögum á sama hátt og félagslegan þátt af stofnlínum og aðveitustöðvum. Dreifikerfi í sveitum verður sem áður að fjármagna úr Orkusjóði.

#### **Niðurstaða**

Í tillögum RARIK er eingöngu reiknaður félagslegur þáttur í framkvæmdum við stofnlínur og aðveitustöðvar, enda gert ráð fyrir að í öðrum þáttum standi tekjur undir kostnaði.

#### **FÉLAGSLEGUR ÞÁTTUR:**

##### **ALMENNAR FORSENDUR (FYRIR STOFNLÍNUR OG AÐVEITUSTÖÐVAR)**

#### **1. Orku- og aflþörf**

Orkuspá orkuspárnefndar er lögð til grundvallar hvað orkuþörfina varðar. Nýtingartími álags er áætlaður 5000 klst/ár.

#### **2. Flutningstöp**

Afltöpin eru reiknuð skv. viðurkenndum reikningsaðferðum. Nýtingartími tapa er áætlaður 3000 klst/ár.

#### **3. Verðgrundvöllur**

Allar kostnaðartölur eru reiknaðar á áætluðu verðlagi viðkomandi framkvæmdaárs.

#### **4. Kaupverð**

Kaupverð orkunnar er skv. gildandi gjaldskrá Landsvirkjunar miðað við afhendingarspennu lægri en 132 kV.

#### **5. Söluverð**

Söluverð orkunnar er skv. gildandi heildsölugjaldskrá RARIK miðað við 11 eða 6,3 kV afhendingarspennu.

#### **6. Söluhagnaður**

Hver seld kWst skilar ákveðnum söluhagnaði, þ. e. mismuninum á söluverði og kaupverði. Hlutur hinnar nýju fjárfestingar í söluhagnaðinum fer eftir því um hve stóran áfanga er að ræða af leiðinni frá afhendingarstað á aðalorkuflutningskerfinu til sölustaðar.

#### **7. Rekstrarkostnaður**

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður 1,5% af stofnkostnaði. Kostnaðurinn er þó ekki látinn falla jafnt á öll árin, heldur er heildarkostnaði á athugunartímabilinu jafnað niður á árin í hlutfalli við orkuflutninginn.

#### **8. Núvirðisreikningar**

Nettóhagnaður hvers árs er færður til núvirðis með tilteknum ársvöxtum, sem voru valdir 4% á árunum 1979—1983.

### 9. Endingartími

Endingartími er áætlaður 30 ár, nema annað sé tekið fram.

### 10. Hrakvirði

Reiknað er með línulegum afskriftum og hrakvirðið síðan fært til núvirðis með tilteknum ársvöxtum, sem voru valdir 4% á árunum 1979—1983.

### 11. Niðurstöður

Samanlagt núvirði hrakvirðis og nettóhagnaðar sýnir hve miklum stofnkostnaði reksturinn getur staðið undir. Mismunurinn á þeirri fjárhæð og raunverulegum stofnkostnaði skilgreinir hinn félagslega þátt, þ. e. hversu mikið þarf að greiða stofnkostnaðinn niður í byrjun til að reksturinn standi undir kostnaði.

### Fylgiskjal 3a.

#### SAMBAND ÍSLENSKRA RAFVEITNA

#### ÁÆTLAÐ MEÐALVERÐ ÁRIÐ 1984 kr/kWh (Skv. núgildandi gjaldskrá en sölumagni árið 1983)

|   | Almennir<br>taxtar | Afl-<br>taxtar | Hita-<br>taxtar        | Mark-<br>taxti         |
|---|--------------------|----------------|------------------------|------------------------|
| Rafmagnsveita Reykjavíkur .....             | 3,54               | 2,28           | 1,20                   |                        |
| Rafveita Akraness <sup>1</sup> .....        | 4,30               | 2,10           | 0,95                   |                        |
| Rafveita Borgarness <sup>1</sup> .....      | 4,62               | 2,57           | 1,28                   |                        |
| Orkubú Vestfjarða <sup>1</sup> .....        | 4,60               | 2,93           | 1,34/0,96 <sup>3</sup> | 1,70/1,43 <sup>3</sup> |
| Rafveita Sauðárkróks <sup>1</sup> .....     | 4,17               | 3,08           | 1,29                   |                        |
| Rafveita Siglufjarðar <sup>1</sup> .....    | 3,72               | 2,84           | 1,20/1,08 <sup>3</sup> |                        |
| Rafveita Akureyrar .....                    | 3,54               | 1,64           | 1,05                   |                        |
| Rafveita Húsavíkur <sup>1</sup> .....       | 4,84               | 2,96           | 1,21                   |                        |
| Rafveita Reyðarfjarðar <sup>1,2</sup> ..... | 4,51               | 2,95           | 1,27/1,00 <sup>3</sup> |                        |
| Rafveita Vestmannaeyja .....                | 4,16               | 3,00           | 1,17/0,92 <sup>3</sup> |                        |
| Rafveita Selfoss <sup>1,2</sup> .....       | 4,37               | 2,79           | 1,20/0,55 <sup>4</sup> |                        |
| Rafveita Hveragerðis .....                  | 4,87               | 2,73           | 2,00                   |                        |
| Rafveita Eyrarbakka .....                   | 4,48               | 3,64           | 1,08                   |                        |
| Rafveita Stokkseyrar <sup>1</sup> .....     | 4,83               | 3,89           | 1,19                   |                        |
| Rafveita Grindavíkur .....                  | 4,39               | 3,42           | 1,43                   |                        |
| Rafveita Miðneshrepps .....                 | 4,61               | 3,32           | 1,21                   |                        |
| Rafveita Gerðahrepps .....                  | 4,63               | 3,29           | 1,19                   |                        |
| Rafveita Keflavíkur .....                   | 4,57               | 3,10           | 0,84                   |                        |
| Rafveita Njarðvíkur .....                   | 4,62               | 3,02           | 1,14                   |                        |
| Rafveita Vatnsleysustrandarhr. ....         | 4,47               | 3,35           | 1,08                   |                        |
| Rafveita Hafnarfjarðar <sup>1</sup> .....   | 4,04               | 2,09           | 1,17                   |                        |
| Rafmagnsveitur ríkisins <sup>1</sup> .....  | 4,29               | 2,86           | 1,37/0,90 <sup>3</sup> | 1,67/1,35 <sup>3</sup> |
| Heildin (vegið meðaltal) .....              | 3,79               | 2,54           | 1,25/0,98 <sup>3</sup> | 1,67/1,35 <sup>3</sup> |

Verðjöfnunargjald og söluskattur eru innifalin í þessum meðalverðstólum.

Tilhögun reikningsútskriftar getur valdið minni háttar frávikum á samanburði milli veitna.

- 1) Götulýsingarsala er innifalin í almennum töxtum hjá þessum rafveitum. Hjá öðrum rafveitum er götulýsing í afltöxtum. Greiðsla fyrir viðhald er talin innifalin í uppgefnum tekjum af götulýsingarsölu.
- 2) Áætlað.
- 3) Óniðurgreitt/niðurgreitt.
- 4) Niðurgreitt af Selfossbæ.

Tilhögun rofs á daghitun er mismunandi hjá hinum ýmsu veitum.

**Fylgiskjal 3b.**

**SAMBAND ÍSLENSKRA RAFVEITNA**

**RAFORKUSALA ÖNNUR EN TIL HÚSHITUNAR  
ÁÆTLAÐ MEÐALVERÐ ÁRIÐ 1984  
(Rafveitum raðað eftir því.)**

| Nr.                      |                                  | kr/kWh            |
|--------------------------|----------------------------------|-------------------|
| 1.                       | Rafveita Stokkseyrar .....       | 4,38              |
| 2.                       | Rafveita Keflavíkur .....        | 4,26              |
| 3.                       | Rafveita Eyrarbakka .....        | 4,17              |
| 4.                       | Rafveita Húsavíkur .....         | 4,13              |
| 5.                       | Rafveita Selfoss .....           | 3,98              |
| 6.                       | Rafveita Vatnsleysustrandarhr. . | 3,93              |
| 7.                       | Rafveita Hveragerðis .....       | 3,93              |
| 8.                       | Rafveita Grindavíkur .....       | 3,85              |
| 9.                       | Rafveita Miðneshrepps .....      | 3,83              |
| 10.                      | Rafveita Njarðvíkur .....        | 3,73              |
| 11.                      | Rafveita Reyðarfjarðar .....     | 3,70              |
| 12.                      | Rafveita Gerðahrepps .....       | 3,67              |
| 13.                      | Rafveita Hafnarfjarðar .....     | 3,60              |
| 14.                      | Rafveita Borgarness .....        | 3,59              |
| 15.                      | Orkubú Vestfjarða .....          | 3,56 <sup>1</sup> |
| 16.                      | Rafveita Sauðárkróks .....       | 3,55              |
| 17.                      | Rafmagnsveitur ríkisins .....    | 3,48 <sup>1</sup> |
| 18.                      | Rafveita Vestmannaeyja .....     | 3,37              |
| 19.                      | Rafveita Siglufjarðar .....      | 3,28              |
| 20.                      | Rafmagnsveita Reykjavíkur .....  | 3,14              |
| 21.                      | Rafveita Akraness .....          | 2,85              |
| 22.                      | Rafveita Akureyrar .....         | 2,53              |
| Heildin (vegið meðaltal) |                                  | 3,29              |

Taflan er unnin upp úr söluskýrslum rafveitna fyrir árið 1983 og gjaldskrárm þeirra í gildi 03.11.84.

- 1) Sala á marktaxta til búrekstrar er meðhöndluð skv. aðferðum Orkustofnunar (R.H.) Verðjöfnunargjald og söluskattur eru innifalin í þessum meðalverðstólum.

### Fylgiskjal 3c.

## SAMBAND ÍSLENSKRA RAFVEITNA

### RAFORKUSALA ÖNNUR EN TIL HÚSHITUNAR ÁÆTLAÐ MEÐALVERÐ Á GJALDSKRÁ NÓVEMBER 1984

| Nr. |  | GWh   | Mkr     | kr/kWh |
|-----|--|-------|---------|--------|
| 1.  | Rafveita Stokkseyrar .....                 | 1,5   | 6,5     | 4,38   |
| 2.  | Rafveita Keflavíkur .....                  | 15,0  | 63,9    | 4,26   |
| 3.  | Rafveita Eyrarbakka .....                  | 1,7   | 7,0     | 4,17   |
| 4.  | Rafveita Húsavíkur .....                   | 7,9   | 32,5    | 4,13   |
| 5.  | Rafveita Selfoss <sup>2</sup> .....        | 12,5  | 46,7    | 3,98   |
| 6.  | Rafveita Vatnsleysustrandarhr. ....        | 2,1   | 8,4     | 3,93   |
| 7.  | Rafveita Hveragerðis .....                 | 4,1   | 16,2    | 3,93   |
| 8.  | Rafveita Grindavíkur .....                 | 7,0   | 26,7    | 3,85   |
| 9.  | Rafveita Miðneshrepps .....                | 4,4   | 17,0    | 3,83   |
| 10. | Rafveita Njarðvíkur .....                  | 8,4   | 31,5    | 3,73   |
| 11. | Rafveita Reyðarfjarðar <sup>2</sup> .....  | 2,3   | 8,2     | 3,67   |
| 12. | Rafveita Gerðahrepps .....                 | 3,2   | 11,5    | 3,67   |
| 13. | Rafveita Borgarness .....                  | 7,6   | 27,4    | 3,60   |
| 14. | Rafveita Saudárkróks .....                 | 8,3   | 29,4    | 3,54   |
| 15. | Rafveita Vestmannaeyja .....               | 25,3  | 85,2    | 3,37   |
|     | Rafmagnsveitur ríkisins <sup>1</sup> ..... | 158,5 | 551,6   | 3,48   |
|     | Orkubú Vestfjarða <sup>1</sup> .....       | 38,9  | 138,3   | 3,56   |
| 16. | Rafveita Hafnarfjarðar .....               | 33,4  | 120,4   | 3,60   |
| 17. | Rafveita Siglufjarðar .....                | 8,2   | 26,7    | 3,26   |
| 18. | Rafmagnsveita Reykjavíkur .....            | 388,5 | 1.218,7 | 3,14   |
| 19. | Rafveita Akraness .....                    | 31,6  | 90,3    | 2,85   |
| 20. | Rafveita Akureyrar .....                   | 59,7  | 151,0   | 2,53   |
|     | Heildin .....                              | 830,1 | 2.715,1 | 3,27   |

Taflan er unnin upp úr söluskýrslum rafveitna fyrir árið 1983 og gjaldskrá þeirra í gildi í nóvember 1984.

Verðjöfnunargjald og söluskattur eru innifalin í þessum meðalverðstólum.

- 1) Sala á marktaxta til búrekstrar er meðhöndluð samkvæmt aðferðum Orkustofnunar (RH).
- 2) Áætlun.

### Fylgiskjal 3d.

## SAMBAND ÍSLENSKRA RAFVEITNA

### RAFORKUSALA ÖNNUR EN TIL HÚSHITUNAR ÁÆTLAÐ MEÐALVERÐ Á GJALDSKRÁ NÓVEMBER 1984

| Nr. |  | Fyrir lækkun<br>verðjöfnunargj.<br>kr/kWh | Eftir lækkun<br>verðjöfnunargj.<br>úr 19 í 10%<br>kr/kwh | Breyting<br>% |
|-----|--|---|--|---------------|
| 1.  | Rafveita Stokkseyrar .....                 | 4,38                                      | 4,12   | -6,3          |
| 2.  | Rafveita Keflavíkur .....                  | 4,26                                      | 4,01   | -6,3          |
| 3.  | Rafveita Eyrarbakka .....                  | 4,17                                      | 3,92   | -6,3          |
| 4.  | Rafveita Húsavíkur .....                   | 4,13                                      | 3,89   | -6,3          |
| 5.  | Rafveita Selfoss <sup>2</sup> .....        | 3,98                                      | 3,74   | -6,3          |
| 6.  | Rafveita Vatnsleysustrandarhr. ....        | 3,93                                      | 3,70   | -6,3          |
| 7.  | Rafveita Hveragerðis .....                 | 3,93                                      | 3,70   | -6,3          |
| 8.  | Rafveita Grindavíkur .....                 | 3,85                                      | 3,62   | -6,3          |
| 9.  | Rafveita Miðneshrepps .....                | 3,83                                      | 3,60   | -6,3          |
| 10. | Rafveita Njarðvíkur .....                  | 3,73                                      | 3,51   | -6,3          |
| 11. | Rafveita Reyðarfjarðar <sup>2</sup> .....  | 3,67                                      | 3,45   | -6,3          |
| 12. | Rafveita Gerðahrepps .....                 | 3,67                                      | 3,45   | -6,3          |
| 13. | Rafveita Borgarness .....                  | 3,60                                      | 3,39   | -6,3          |
| 14. | Rafveita Sauðárkróks .....                 | 3,54                                      | 3,33   | -6,3          |
| 15. | Rafveita Vestmannaeyja .....               | 3,37                                      | 3,17   | -6,3          |
|     | Rafmagnsveitur ríkisins <sup>1</sup> ..... | 3,48                                      | 3,48   | 0,0           |
|     | Orkubú Vestfjarða <sup>1</sup> .....       | 3,48                                      | 3,48   | -3,9          |
| 16. | Rafveita Hafnarfjarðar .....               | 3,60                                      | 3,39   | -6,3          |
| 17. | Rafveita Siglufjarðar .....                | 3,26                                      | 3,07   | -6,3          |
| 18. | Rafmagnsveita Reykjavíkur .....            | 3,14                                      | 2,95   | -6,3          |
| 19. | Rafveita Akraness .....                    | 2,85                                      | 2,68   | -6,3          |
| 20. | Rafveita Akureyrar .....                   | 2,53                                      | 2,38   | -6,3          |

Taflan er unnin upp úr söluskýrslum rafveitna fyrir árið 1983 og gjaldskrá þeirra í gildi 03. 11. 1984.

Verðjöfnunargjald og söluskattur eru innifalin í þessum meðalverðstólum.

- 1) Sala á marktaxta til búrekstrar er meðhöndluð samkvæmt aðferðum Orkustofnunar (RH).
- 2) Áætlun.

#### Fylgiskjal 4.

### **Frumvarp til laga um verðjöfnunargjald af raforkusölu.**

#### 1. gr.

Greiða skal verðjöfnunargjald í ríkissjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá sem endurselur ekki raforku. Verðjöfnunargjaldi skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af verðjöfnunargjaldi, en Orkubú Vestfjarða 20%.

Iðnaðarráðherra er heimilt að ákveða, að Rafveitu Siglufjarðar skuli endurgreitt verðjöfnunargjald af raforkusölu, sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar.

#### 2. gr.

Verðjöfnunargjald skal nema 10% á árunum 1985 og 1986 og 5% á árunum 1987 og 1988. Frá lokum þess árs skal það niður falla.

#### 3. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt á sama gjaldstofn og söluskattur skv. lögum nr. 10/1960 með áorðnum breytingum, en söluskattur skal ekki greiddur af verðjöfnunargjaldi.

Heimilt er gjaldskyldum seljendum raforku að hækka söluverð raforku sem gjaldinu nemur.

#### 4. gr.

Sala á raforku skv. lögum þessum telst fara fram á þeim degi, sem útskrift reikninga á notanda vegna orkunotkunar á sér stað.

Hver sá aðili, sem selur raforku á síðasta stigi viðskipta, skv. 1. mgr. 1. gr., og er gjaldskyldur skv. lögum þessum, skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, sem hann er heimilisfastur í, verðjöfnunargjald það, sem honum ber að standa skil á.

Greiðslunni skal fylgja skýrsla um alla raforkusölu síðasta mánuð, sbr. ákvæði 1. mgr. þessarar greinar um sölu.

#### 5. gr.

Verðjöfnunargjaldi ásamt skýrslu um skuldfærða raforkusölu skal skila fyrir hvern mánuð, og er gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar.

#### 6. gr.

Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað verðjöfnunargjaldi á eindaga falla á dráttarvextir af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

#### 7. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu senda ríkisbókhaldi og ríkisféhirði uppgjör og skilagrein mánaðarlega. Ríkisféhirðir skilar innheimtufé mánaðarlega til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, sbr. ákvæði 1. greinar.

Ekki skal greiða þóknun fyrir innheimtu verðjöfnunargjaldsins.



8. gr.

Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til Áburðarverksmiðju ríkisins. Íslenska álfélagsins hf. né Íslenska járnblendifélagsins hf.

Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til rafhitunar, dælingar hitaveitna, til skipa í höfnum né til varmadælna.

9. gr.

Ágreining um gjaldskyldu og gjaldstofn skal bera undir ráðherra orkumála.

Málshöfðun fyrir almennum dómstólum um gjaldskyldu og gjaldstofn skal byrjuð innan 6 mánaða frá álagningu gjaldsins.

10. gr.

Ráðherra orkumála er heimilt að setja reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um gjaldstofn, álagningu og innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggja við skv. öðrum lögum.

12. gr.

Mál út af brotunum skulu rekin að hætti opinberra mála.

13. gr.

Gjald skv. lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

14. gr.

Hinn 1. janúar 1985 tekur ríkissjóður að sér greiðslu á hluta áhvílandi lána Rafmagnsveitna ríkisins að fjárhæð 481,0 millj. kr. og Orkubús Vestfjarða að fjárhæð 46,0 millj. kr. miðað við verðlag 1. október 1984. Þeim hluta lána, sem eftir standa hjá fyrirtækjunum, verði breytt í jafngreiðslulán með raunvöxtum eigi hærra en 8% árin 1985—87 og 6% árin 1988—93.

15. gr.

Frá og með árinu 1985, og svo lengi sem Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða selja orku til rafhitunar á lægra verði en kostnaðarverði, skal ríkissjóður greiða veitunum mismuninn. Þörf fyrir greiðslu þessa kostnaðarþáttar skal rökstudd við gerð fjárlaga ár hvert. Á árinu 1985 nema greiðslur þessar 68,5 millj. kr. til Rafmagnsveitna ríkisins og 18,1 millj. kr. til Orkubús Vestfjarða.

16. gr.

Áætlaður kostnaður við félagslegan þátt framkvæmda, sem Alþingi hefur í fjárlögum, lánsfjárlögum eða með öðrum hætti samþykkt, að Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða skuli ráðast í, skal ár hvert greiddur af ríkissjóði, enda um að ræða þann hluta kostnaðarverðs virkja, sem tekjur af þeim standa ekki undir. Á árinu 1985 skulu greiðslur þessar nema 36,4 millj. kr. til Rafmagnsveitna ríkisins og 5,0 millj. kr. til Orkubús Vestfjarða.

17. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 83/1974 um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla úr gildi 31. desember 1988.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt, 1. grein laga nr. 83/1974, með áorðnum breytingum, að öðru leyti en því, að hundraðstala gjaldsins er ekki tilgreind í þessari grein og greiðslum er ætlað að ganga beint til fyrirtækjanna í stað Orkusjóðs.

Um 2. gr.

Ekki er talið kleift að afnema gjaldið að fullu á einu ári, þar eð talið er, að aðgerðir, er koma í stað verðjöfnunargjaldsins, verði að dreifast á nokkurn tíma. Samræmi er milli ráðstafana þeirra, sem fjallað er um í 13., 14. og 15. gr., ásamt nokkurri leiðréttingu á gjaldskrá fyrirtækjanna, og þeirrar áfangalækkunar verðjöfnunargjaldsins, sem lýst er í þessari grein.

Um 3. gr.

Greinin er óbreytt 2. gr. laga nr. 83/1974.

Um 4. gr.

Greinin er óbreytt 3. gr. laga nr. 83/1974.

Um 5. gr.

Greinin er óbreytt 4. gr. laga nr. 83/1974.

Um 6. gr.

Greinin er óbreytt 5. gr. laga nr. 83/1974 með áorðnum breytingum.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt 6. gr. laga nr. 83/1974 að öðru leyti en því, að ríkisféhirði ber að skila gjaldinu beint til fyrirtækjanna í stað Orkusjóðs. Breyting þessi, sbr. einnig breytingu á 1. gr., er til komin vegna þess, að Orkusjóður er talinn óþarfur milliliður við meðferð þessa fjár. Innheimtugjald Orkusjóðs er að jafnaði 0,5% af innheimtri fjárhæð verðjöfnunargjaldsins.

Um 8. gr.

Greinin er að nokkru breytt 7. gr. laga nr. 83/1974, en í henni eru taldir þeir notendur, sem undanþegnir eru verðjöfnunargjaldi. Við þá notendur er bætt Íslenska járnblendifélaginu hf., enda hefur samningur um raforkusölu til þess fyrirtækis fullt lagagildi, en þar er kveðið á um undanþágu frá verðjöfnunargjaldi. Enn fremur hefur iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 21.09. 1983 úrskurðað, að sala raforku til varmadælna skuli undanþegin verðjöfnunargjaldi.

Þessu til viðbótar er í grein þessari kveðið á um undanþágur fyrir þrenns konar notkun til viðbótar. Hér er átt við:

- a) Raforkunotkun til skipa í höfnum, þar sem rafhitun er yfirgnæfandi þáttur.
- b) Rafhitun, aðra en húshitun, svo sem í iðnaði.
- c) Raforku til dælingar á heitu vatni hjá hitaveitum. Hér er um að ræða samkeppni við innflutta orkugjafa og að því leyti hliðstæða orkunotkun og til húshitunar.

Um 9. gr.

Greinin er óbreytt 8. gr. laga nr. 83/1974.

Um 10. gr.

Greinin er óbreytt 9. gr. laga nr. 83/1974.

Um 11. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Lagt er til, að ríkissjóður taki 1. janúar 1985 að sér greiðslu á hluta af áhvílandi lánum Rafmagnsveitna ríkisins að fjárhæð 481,0 millj. kr. og Orkubús Vestfjarða að fjárhæð 46,0 millj. kr. Fjárhæðir eru miðaðar við verðlag 1. október 1984. Þeim hluta lána, sem eftir stendur hjá fyrirtækjunum, verði breytt í jafngreiðslulán til 10 ára með raunvöxtum eigi hærri en 8% árin 1985-87 og 6% árin 1988-93.

Um 14. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa sýnt fram á, að tekjur fyrirtækisins af sölu til rafhitunar standa engan veginn undir kostnaði. Í grein þessari er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði þann mismun, sem er á tekjum og kostnaði af þessari orkusölu. Mismunur þessi er metinn á 68,5 millj. kr. á árinu 1985. Hliðstæð tala fyrir Orkubú Vestfjarða er 18,1 millj. kr.

Um 15. gr.

Árið 1979 voru hafnar greiðslur úr ríkissjóði fyrir þær framkvæmdir við stofnlínu- og aðveitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins, sem Alþingi ákvað, að ráðizt skyldi í, en voru sannanlega óarðbærar (félagslegur þáttur framkvæmda). Á síðustu árum hefur ríkissjóður aðeins staðið við hluta þessara greiðslna og árið 1984 féllu þær að fullu niður. Með þessari grein er skylda ríkissjóðs í þessu efni bundin í lög og skulu greiðslur þessar á árinu 1985 nema 36,4 millj. kr. til Rafmagnsveitna ríkisins og 5,0 millj. kr. til Orkubús Vestfjarða.

Um 16. gr.

Lagt er til, að lög nr. 83/1974 með áorðnum breytingum verði úr gildi felld, enda hafa þau ákvæði laganna, sem enn skipta máli, verið tekin í frumvarp þetta.

Um 17. gr.

Parfnast ekki skýringa.